

Hugvekja almenns læknis til heilbrigðisráðherra á aðalfundi Læknafélags Íslands

flutt 20. október 2023

Ívar Elí Sveinsson

sérnámslæknir í heimilislækningum



Hæstvirtur ráðherra, Willum Þór Þórsson

Heilbrigðiskerfið FC hefur verið að spila nánast stanslaust undanfarin ár án almennilegrar hvíldar og æfinga. Við erum eins og lið sem hefur spilað í endalausri framlengingu, hópurinn er orðin þreyttur og farinn að láta töluvert á sjá.

Vörnin okkar og markvörður, innviðir kerfisins, eru á harðahlaupum, henda sér fyrir og reyna að stöðva hvert skotið á fætur öðru en það er farið að verða þeim ofviða.

Miðjan okkar, læknar og annað heilbrigðisstarfsfólk, hleypur nánast þindarlaust en þau eru við það að örmagnast og meiðslin hrannast upp.

Sóknin, sem táknar okkar sjúklinga, á erfitt með að skora mörk, er farin að missa trúna og vera svekkt.

Varamannabekkurinn stendur tómur og fjöldi leikmanna sem leika erlendis gefa ekki kost á sér í liðið.

Upplifun allra leikmanna er eins og við séum að missa stjórn á leiknum og við eigum á hættu að tapa.

Það er því ljóst að við þurfum ferskar lappir og skiptingar. Við þurfum að breyta um taktík, gefa okkar leikmönnum hvíld til að jafna sig og fylla á varamannabekkinn. Við þurfum að fara að skora mörk.

Við þurfum líka að fjárfesta í betri aðstöðu, æfingabúnæði og fótoltavöllum. Í fótbolta, þegar lið er á barmi hruns, er mikilvægt að taka skref til baka, gera nauðsynlegar breytingar og mæta sterkari aftur til leiks. Það er það sem við þurfum að gera með heilbrigðiskerfið okkar. Við megum ekki við því að missa trúna á liðinu. Við verðum að bregðast við til að tryggja heilbrigði og velferð Íslendinga.



LÆKNADAGAR 2024

Mánudagur 15. janúar

Konur, hormónar og krabbamein
Sóun í heilbrigðiskerfinu
Gervigreind í læknisfræði

Geðsjúkdómar og nítjándu aldar skáldin
Umhverfisveikindi

Skimun fyrir meðgöngueitrun
Vísindavinna á Íslandi
Alþjóðaheilsa – „Global Health“
Nokkur inngrip úr bráðalækningum – vinnubúðir

Þriðjudagur 16. janúar

Endurhæfing á Íslandi – hvert stefnum við? 1. hluti
Klínísk viðfangsefni I
Nokkur tilfelli af Barnaspítala Hringins
MSK ómskoðun (vinnubúðir)

Lifandi kappæður
Aðgangur að sjúkraskrárupplýsingum

Endurhæfing á Íslandi – hvert stefnum við? 2. hluti
Saga smitsjúkdóma
Klínísk viðfangsefni II

Líkamsskoðun – vinnubúðir
Opin vinnurými á heilbrigðisstofnunum

Miðvikudagur 17. janúar

Geðheilbrigðisþjónusta við fanga
Endurhæfing eldra fólks
Everyday radiology

Mat á sjálfsvígshættu
Nærrannsóknir

Ónæmisherferð gegn krabbameini
Axlir og olnbogar – nokkur algeng vandamál
Sarklíki – gleym mér ei
Liðskoðun - vinnubúðir

Umhverfismál eru heilbrigðismál – opið málþing

Fimmtudagur 18. janúar

Þverfaglegt málþing um briskrabbamein
Lengi býr að fyrstu gerð
Lýðheilsuáherslur og offita

Áföll og áfallastreita: Nýjungar í meðferð
Þitt hlutverk í eigin heilsu – ristilkrabbi

Nýjungar í læknisfræði
Vestrænn lífsstíll
Sérnám í læknisfræði

Föstudagur 19. janúar

Grunngildi heimilislækninga og sjálfbærni
Innkirtlalækningar: erfðir og skilvirkari nálgun
Lögræðileg málefni

Láttu í þér heyra!
Eitranir á bráðamóttöku

Héraðslækningar
Nýjungar í læknisfræði
Þjónusta við fólk með langvinna sjúkdóma
Establishing a trusting relationship in 10 minutes – workshop